



Lög Skautafélags Reykjavíkur, íshökkídeildar

1. gr.

Félagið heitir Skautafélag Reykjavíkur, íshökkídeild. (hér eftir vísað til sem félagsins) Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íshokki og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi tengda íþróttinni, undir hatti Skautafélags Reykjavíkur, (hér eftir vísað til sem aðalfélagsins) ásamt því að stuðla að frekari uppbyggingu og útbreiðslu íshokkis sem íþróttgreinar á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er íþróttafélag og ekki rekið í fjárhagslegum tilgangi.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að standa fyrir reglulegum íshokkí æfingum, kappleikjum, keppnismótum og öflugum íþróttastarfi í öllum flokkum.

4. gr.

Félagið starfar sem sjálfstæð deild, en undir sameiginlegri aðalstjórn aðalfélagsins. Félagið er með sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Félagið fer eftir lögum þessum, lögum aðalfélagsins og regluverki ÍHÍ og ÍSÍ. Félaginu er skylt, skv. 44. 15. gr. laga aðalfélagsins, að setja sér eigin lög sem brjóti ekki í bága við lög aðalfélagsins og eiga sér stoð í þeim, regluverki ÍHÍ og ÍSÍ og almennum landslögum.

Aðild

5. gr.

Félagi getur hver sá orðið er óskar þess og tekur þátt í starfi félagsins. Sá sem sækir um aðild að félaginu samþykkir með umsókn sinni að fylgja lögum og reglum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma. Aðild að félaginu er tvíþætt. Annars vegar eru iðkendur, sem sjálfkrafa verða félagsmenn er þeir hefja æfingar og keppni með félaginu, og hins vegar eru almennir félagsmenn sem sækja um aðild að félaginu og greiða árgjald samkvæmt verðskrá sem stjórn gefur út hverju sinni. Félagar verða sjálfkrafa félagsmenn í aðalfélaginu, sbr. 5. gr. laga aðalfélagsins. Félagaskrá er rafræn.

Atkvæðisréttur félagsmanna

6. gr.

Félagsmenn sem mæta á aðalfund félagsins hafa tillögu og atkvæðisrétt, skv. skráningu í rafræna félagaskrá. Kjörgengis- og atkvæðisréttur iðkenda miðast við 18 ára aldur en fram að



Því halda forráðamenn iðkenda á atkvæði þeirra. Almennir félagsmenn, 18 ára og eldri, hafa bæði kjörgengis- og atkvæðisrétt.

7. gr.

Starfstímabil og reikningsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. ~~Aðeins félagsmenn hafa atkvæðis- og tillögurétt á aðalfundi.~~

Stjórn félagsins

8. gr.

Stjórn félagsins ritar firma þess. Stjórn félagsins er kjörin af félagsmönnum þess og starfar í umboði þeirra. ~~Stjórn félagsins fer með málefni félagsins á milli aðalfunda.~~ Stjórn félagsins skal skipuð 7 **10** einstaklingum, formanni, vara-formanni, gjaldkera, ritara, formanni meistaraflokksráðs karla, formanni meistaraflokksráðs kvenna og formanni barna- og unglingaráðs og **þremur meðstjórnendum**, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. ~~Einnig er heimilt að kjósa allt að 2 varamenn.~~ Meðlimir stjórnar skulu leggja sig fram við að vera vel upplýstir um starfsemi, lög, markmið og fjárhag félagsins. Þeir skulu vera meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð, innan sem utan félagsins, og óska eftir upplýsingum til upplýstrar ákvarðanatöku. Stjórnarmenn skulu óhræddir við að tjá skoðun sína og leita sameiginlegra lausna með hagsmuni allra félagsmanna að leiðarljósi. Starfstími stjórnar félagsins skal vera eitt ár, þ.e. frá kjördegi til næsta aðalfundar árið á eftir.

Varamenn

9. gr.

~~Stjórn félagsins fer með málefni félagsins á milli aðalfunda. Stjórn félagsins er m.a. í krafti framangreindrar heimildar heimilt að útnefna einstaklinga í laus embætti í stjórn félagsins á milli aðalfunda ef þörf krefur. Þá er stjórn félagsins einnig heimilt að boða aðalfund eingöngu til lagabreytinga og svo framhaldsaðalfund þar sem lögbundin dagskrá aðalfundar skal fara fram, þ.m.t. stjórnarkjör skv. samþykktum lagabreytingum.~~

~~Varamenn í stjórn eru staðgenglar stjórnarmanna. Þeir eru boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar rétt til áheyrnar. Varamenn hafa ekki tillögu- eða atkvæðisrétt í stjórn. Taki varamaður sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanns nýtur hann sömu réttinda og stjórnarmaður.~~

Starfsfólk félagsins

10. gr.

Stjórn skal ráða starfsfólk fyrir félagið og gera við það ráðningarsamninga. Stjórn er heimilt hvort sem er að gera launþega- eða verktakasamninga, **svo fremi sem slíkt sé heimilt skv. almennum lögum**. Allir ráðningarsamningar skulu samþykktir af meirihluta stjórnar til þess að öðlast gildi og allar greiðslur skulu lagðar inn á bankareikninga viðkomandi aðila.



11. gr.

Við ráðningu starfsfólks félagsins ber stjórn að gæta jafnréttis og að laun séu samræmd óháð því hvort verið sé að þjálfa drengi eða stúlkur, unga eða gamla. Þá skal stjórn leitast við að greiða sömu laun fyrir sömu störf, óháð kyni starfsmannsins.

12. gr.

Starfsmenn félagsins skulu hafa markmið þess og gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum fyrir félagið. Þeir skulu, eins og aðrir félagsmenn, gæta velsæmis í störfum sínum fyrir félagið og bera virðingu fyrir öllum félagsmönnum jafnt og félagsmönnum og starfsfólki annarra íþróttafélaga.

Aðalfundur

13. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 15. 30. apríl ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er lögmætur, ef rétt er til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Stjórn félagsins heldur skrá um félagsmenn og skráir mætingu þeirra á fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar félagsins lesin upp.
3. Skýrsla stjórnar lögð fram fyrir liðið starfsár.
4. ~~Endurskoðaðir reikningar lagðir~~ **Ársreikningur lagður** fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar ef einhverjar eru, **sbr. þó 9. gr.**
6. Kosning stjórnar til eins árs:
 - a) Formaður.
 - b) Vara-formaður.
 - c) Gjaldkeri.
 - d) Ritari.
 - e) Formaður meistaraflokksráðs karla.
 - f) Formaður meistaraflokksráðs kvenna.
 - g) Formaður barna- og unglingaráðs.
 - h) ~~Tveir varamenn.~~ Þrír meðstjórnendur.
7. Önnur mál

14. gr. Kjörstjórn

Stjórn félagsins skal skipa þrjá aðila í kjörstjórn fyrir aðalfund þess. Einfaldur meirihluti ræður við afgreiðslu mála innan kjörstjórnar. Þeir sem sæti eiga í kjörstjórn hafa fyrirgert rétti sínum til framboðs í viðkomandi kosningum. Kjörstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga til stjórnar félagsins á aðalfundi þess. Kjörstjórn skal gæta hlutleysis og sjá til þess að öllum kröfum um öryggi og skilvirkni sé fullnægt.



15. gr. Framkvæmd kosninga

Um leið og stjórn félagsins boðar til aðalfundar, skal hún auglýsa kosningar til stjórnar. Aðalfundur og kosningar til stjórnar skulu auglýst með tryggilegum hætti að lágmarki tveimur vikum fyrir dagsetningu aðalfundar og kosninga. Framboð til stjórnar skulu send með tölvupósti til ritara stjórnar fyrir miðnætti þremur dögum fyrir aðalfund félagsins. Ef ekki hafa borist framboð í öll embætti, skal stjórnin óska eftir framboðum á aðalfundi í þau embætti sem ekki hafa borist framboð í. Ef fleiri en einn bjóða sig fram til sama embættis, skal kjósa á milli þeirra. Ef aðeins einn býður sig fram til embættis, er hann sjálfkjörinn og því ekki þörf á að kjósa um það embætti. Stjórn hefur heimild til þess að boða til rafrænna kosninga ef þörf þykir.

16. gr. Úrskurðarnefnd vegna kosninga

Stjórn félagsins skal, ef þörf krefur, skipa þrjá aðila í úrskurðarnefnd vegna kosninga. Þeir sem sæti eiga í nefndinni mega ekki vera stjórnarmenn eða hafa verið í framboði til stjórnar í þeim kosningum sem úrskurða þarf um. Nefndarmenn skulu gæta hlutleysis. Komi til þess að vafi leiki á um hæfi einstakra nefndarmanna skal nefndin öll taka ákvörðun um hæfi viðkomandi þar sem einfaldur meirihluti skal ráða. Til hliðsjónar skulu hafðar reglur stjórnsýslulaga um hæfi. Úrskurðarnefnd kveður á um álitafni sem upp kunna að koma vegna kosninga til stjórnar félagsins. Kærur skulu berast nefndinni skriflega, eigi síðar en þremur virkum dögum eftir að kosningum lauk. Þá skal nefndin kveða upp úrskurð um efni kæru og er sá úrskurður endanlegur. Aðilar hafa ætíð lögum samkvæmt fullan rétt til þess að leita til dómstóla ef þeir sætta sig ekki við niðurstöðu nefndarinnar.

Stjórnarfundir

17. gr.

Ritari skal boða til stjórnarfunda í samráði við aðra stjórnarmenn. Á fundarboði skal tiltaka þau mál sem stjórnin skal taka til afgreiðslu á fundinum. Stjórn skal gæta að fundarsköpum á fundum sínum og reyna eftir bestu getu að tryggja að störf stjórnar séu markviss og árangursrík. Formaður skal stýra fundum stjórnar eða skipa fundarstjóra í sinn stað. Stjórnarfundir skal halda eftir þörfum en þó að lágmarki einu sinni í mánuði. **Hver stjórnarmaður skal hafa tillögu- og atkvæðisrétt. Formaður stjórnar skal hafa oddaatkvæði ef atkvæði falla jafnt í atkvæðagreiðslu.**

Félags- og æfingagjöld

18. gr.

Ákvörðun um félags- og æfingagjöld skal tekin á stjórnarfundum. Félagsgjöld skulu innheimt í upphafi hvers tímabils rafrænt eða eftir atvikum með aðferð sem gjaldkeri og stjórn ákveða.

19. gr. Yfirlýsing um vantraust



Stjórn félagsins getur lýst yfir vantrausti á stjórnarmann eða varamann, sem kosnir hafa verið til embættis stjórnar eða varamanns. Stjórnarmaður getur lýst yfir vantrausti á einn eða fleiri meðlimi stjórnarinnar. Almennir félagsmenn geta lýst yfir vantrausti á einn eða fleiri meðlimi stjórnarinnar eða stjórnina í heild. Yfirlýsing um vantraust skal berast skriflega til formanns stjórnar félagsins og skal hún undirrituð af að minnsta kosti helmingi félagsmanna til þess að teljast gild. Við móttöku yfirlýsingar um vantraust skal formaður boða til félagsfundar. Ef yfirlýsing um vantraust hefur borist á hendur formanni, skal varaformaður boða til fundarins. Ef vantrausti er lýst á stjórnina í heild, skal fá óháðan aðila til þess að boða til og stýra fundi félagsmanna um meðferð slíkrar yfirlýsingar. Á slíkum fundi skulu flutningsmenn vantraustsins standa fyrir máli sínu og þeim sem slík yfirlýsing beinist gegn gefinn kostur á andsvari. Þá skulu félagsmenn greiða atkvæði og sé yfirlýsing um vantraust samþykkt, af 2/3 hluta félagsmanna, skal hún strax taka gildi. Atkvæðagreiðsla um vantraust er ekki lögmæt nema 2/3 hlutar skráðra félagsmanna mæti til fundarins.

20. gr. Lagabreytingar

Lögum félagsins má breyta á aðalfundi sem boðað hefur verið til á lögmætan hátt. Tillögur um lagabreytingar skulu liggja fyrir áður en boðað er til aðalfundar og skulu kynntar félagsmönnum á sama tíma og boðað er til fundarins. Allir félagsmenn hafa rétt til þess að koma með tillögur að lagabreytingum. Tillögum til lagabreytinga skal skilað til stjórnar eigi síðar en 4. mars viku fyrir boðaðan aðalfund ár hvert. Lagabreytingar öðlast gildi frá þeim tíma sem þær eru samþykktar á aðalfundi með 2/3 atkvæða félagsmanna á aðalfundi, sbr. þó 24. gr. laga þessara. Stjórn félagsins er heimilt að leggja til breytingar á framkomnum tillögum til lagabreytinga, svo fremi sem slíkt hafi ekki áhrif á efni þeirra. Þá er stjórn félagsins einnig heimilt að leggja til breytingar á lögum félagsins með sömu skilyrðum og kveðið er á um hér að ofan.

Annað

21. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til frekari uppbyggingar þess.

22. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess þá til aðalfélagsins.

23. gr. Skyldur íþróttafélaga

Skylt er íþróttafélögum að fylgja lögum og reglum ÍSÍ og innleiða þær breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSÍ í eigið regluverk, eftir því sem við á. Sé misræmi milli laga íþróttafélags og laga ÍSÍ ganga lög ÍSÍ fram. Íþróttafélögum ber að starfa til samræmis við markmið og stefnur ÍSÍ. Íþróttafélögum ber að tryggja að allir sem þátt taka í starfi þeirra eða koma fram fyrir þeirra hönd, þar með talið iðkendir, starfsmenn, sjálfboðaliðar og aðrir fulltrúar, starfi í samræmi við lög, reglur, siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ og viðeigandi sambandsaðila. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa þá sem starfa á vegum íþróttafélags og deilda þess um framangreindar reglur og viðmið og tryggt að þeim sé fylgt í hvívetna. Íþróttafélögum ber að viðhafa góða stjórnarhætti. Íþróttafélögum ber að hlíta



alþjóðalyfjareglum og veita ÍSÍ og Lyfjaeftirliti Íslands fullt samstarf og aðstoð í verkefnum er varða framkvæmd lyfjaeftirlits. Íþróttafélögum og deildum þeirra er sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri er óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs, sbr. lög nr. 64/1998. Íþróttafélögum ber að afla sakarvottorðs frá einstaklingum sem til stendur að ráða innan íþróttahreyfingarinnar og eiga að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

24. gr.

Lög aðalfélags og deilda þess mega hvorki ganga í berhögg við lög or reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi íþróttahéraðs (ÍBR). Lög félagsins og breytingar á þeim skulu staðfest af ÍBR og framkvæmdastjórn ÍSÍ til þess að öðlast gildi, sbr. d-staflið greinar 5.2 laga ÍSÍ.

25. gr. Gildistaka

Lög þessi skulu taka gildi um leið og þau hljóta samþykki einfalds meirihluta ~~2/3~~ 2/3 félagsmanna á aðalfundi félagsins og um leið og þau hljóta formlegt samþykki ÍBR og ÍSÍ, sbr. 24. gr.